

# RANNSÓKNIR Á EÐLI DRAUMA OG MÖGULEIKAR DRAUMLÍFSINS

## I

Í bók um draumarannrókn sem ég hefi eignast fyrir ekki alllöngu stendur þetta: „Die Telepathie hat mit dem Wesen des Traumes nichts zu tun“: „eðli drauma á ekkert skylt við fjarhrif“ (þ. e. áhrif beint frá huga til huga eða heila til heila o. s. frv.).

Setning þessi er álíka rétt og ef skrifað væri: blóðstreymið í líkamanum stendur ekki í neinu sambandi við starf hjartans. Og það sem gerir þetta svo afareftirtektarvert og gefur svo merkilega bendingu um tíðarandann, er að maðurinn sem þannig hefir skrifað það allravitlausasta sem hægt er að láta frá sér fara um eðli drauma, er ekkert minna en frægasti draumafræðingurinn sem nú er uppi eða nokkru sinni hefir uppi verið, og yfirleitt langfrægasti sálfræðingur vorra tíma, próf. Sigm. Freud. Í þessari sömu bók — sem heitir „Kleine Beiträge zur Traumlehre“, 1925 — og á sömu bls. (47) er þannig komist að orði „Denn alle ältesten Töchter kinderreicher Familien schaffen im Unbewussten die Phantasie, durch den Tod der Mutter die zweite Frau des Vaters zu werden“: „elsta dóttir hjóna sem eiga mörg börn, gerir sér alltaf ómeðvitað í hug, að verða með dauða móður sinnar, seinni kona föður síns.“ Þessi vægast talað furðulega staðhæfing, í riti hins frægasta sálfræðings, virðist vel fallin til að sýna hvílík svartapoka ríkir á þessu sviði sálufræðinnar, og hvílík nauðsyn er á uppgötvunum sem hreinsa svo til, að sól sannleikans nái að skína.

## II

Mag. Vilhj. Þ. Gíslason, sem nú um nokkur ár hefir unnið að því af miklum dugnaði og víðtækum fróðleik, að segja

oss frá andlegum tíðindum og öðrum í útlöndum, getur í hinu eftirtektarverða tímariti, Lögréttu, um bók eftir einn af þekktustu sálfræðingum, próf. MacDougall, sem heitir World Chaos, og þar sem höfundurinn leggur mikla áherslu á það, hvílik nauðsyn sé á nýjum og brautryðjandi uppgötvunum í líffræði. Ýmsir fleiri hafa tekið í þennan sama streng, og mun þar vera merkastur hinn frægi þýski efnafræðingur og heimspekingur W. Ostwald, sem kemst svo að orði, að hin mesta þörf sé á, að framfaraaldan rísi eins hátt í líffræði og verið hefir í eðlisfræði og efnafræði. Og þó að mjög merkilegar framfarir hafi að vísu orðið í líffræði, þá er ekki að efa að þessir menn hafa rétt fyrir sér. En grunlausir virðast menn vera um það, í hvaða átt helst skuli horfa í þessum efnum, hvað þá að þeir viti, að þessi framfaraalda sem þeir óska svo mjög eftir, er þegar farin að rísa. Því að upphaf þeirrar framfaraaldar í vísindum, sem langt mun taka fram því sem áður hefir verið, er uppgötvunin á eðli draumlífsins. Með þeirri uppgötvun er mannleg meðvitund færð út, eins og auðvelt er að skilja; bilið milli vitundar mannsins og dýrsins er stækkað. Vitsvæði mannsins er svo miklu víðara en dýrsins, og meðvitund hans um sjálfan sig gleggri. En uppgötvunin á eðli drauma, þýðir þá stórkostlegu aukningu á vitsvæði mannsins, að nú skilst honum hversu hann getur fengið þátt í öllum öðrum meðvitundum, sjálfsvitundin orðið að alvitund. Og þannig verður tilgangur lífsins honum svo ljós, að ekki verður framar um villst. En tilgangurinn er sá, að allar lifandi verur samstillist til fullkomins samræmis, til æðri lífheildar (Hyperzóon), og nái þannig tókum á allri verðimegund eða öllum möguleikum tilverunnar. Uppgötvunin á eðli drauma er eins og hlið inn til hinnar réttu framtíðar. En engin leið er til þess að líffræðin geti orðið að alheimslíffræði, meðan þann skilning vantar.

### III

Draumlíf manna er nú að mestu óljóst og ruglingslegt og til einskis gagns eða lítils. En á þessu sviði getur þó orðið hin

merkilegasta þróun. Draumlífið má rækta þannig, að það verði oss hin mesta hjálp til vökulífsins. En þó verður vel að vita, að engum manni getur þetta tekist einum sér, heldur verður margra hugsun að samræmast í rétta átt, ef því takmarki á að verða náð. Veldur þessu það lögmál lífmagnanarinnar, sem ég hefi nefnt stillilögmálið, Law of Determinants. Svo mikil eru áhrif annarra manna á draumlíf hvers einstaks, að hversu rétt sem einhver einn hugsar, þá kemur honum að engu haldi eða litlu, að því er draumlíf hans snertir, ef til hans og í kringum hann er rangt hugsað. En ótrúlega miklir og furðulegir eru möguleikar draumlífsins, og undursamleg verður breytingin á ævi manna, þegar það er komið í rétt horf. Vér munum þá í svefni eigi einungis verða aðnjótandi þeirrar endurnýjunar lífsaflsins, sem einungis hann getur veitt, heldur einnig margvíslegrar og merkilegrar fræðslu. Það verður þá unnt að leiðbeina oss til að gera þær uppgötvanir sem nauðsynlegar eru, og finna þau ráð, sem best miða til að bæta úr vandræðum. Svo ótrúlega furðulegt sem það mun þykja, þá er það fullkomlega víst, að með tilstyrk draumgjafa vors munum vér kynnast lífinu víðsvegar í alheimi og sjá furðulega staði og unaðsamlega. Og vér munum geta dvalið stund og stund með framliðnum ástvinum vorum í heimkynnum þeirra, og þarf ekki að orðlengja um hvað það muni þýða. Unaðssemdir lífsins í svefni munu auka oss þrek og þor til að sigrast á þeim erfiðleikum, sem oss mæta í vökulífinu, auk þess sem oss mun verða beinlínis leiðbeint í þeim efnum eins og áður var á vikið. Góðir draumgjafar munu oft sýna fram á hvað til slysa stefnir, og mun slysum þannig verða meir og meir afstýrt. Ekki þarf þó að óttast að áhugaleysi og afturför muni af því leiða, að menn treysti um of á hjálp þessa, því að hjálpinni verður ekki komið fram, ef ekki er af vorri hálfu fullur hugur á að gera þær ráðstafanir, sem réttar eru og nauðsynlegar.

#### IV

Af því sem sagt hefir verið, má nú fá nokkra hugmynd um, hversu áriðandi er að komist verði á rétta leið í þeim

efnum sem hér ræðir um. En aldrei mun á þá leið komist verða, meðan trúað er á draumafræði Freuds og slíkra.

Enn má bæta því við, sem ekki er minnst um vert, að hið rétta vitundarlíf í svefni, hið rétta draumlíf, mun verða oss sá undirbúningur undir framlífið, að allt verður miklu auðveldara og framfaravænlegra, þegar þar að kemur, að flytja til fullkomnara lífs á annarri stjörnu. Og þegar komið er á rétta leið, mun takast að sigra alla ellihörnun; því að afturför og hrörnun er það, sem ekki á að vera. Menn munu halda áfram að vaxa að visku, þrótti og öðrum kostum, uns þeir hafa náð þeim þroska, sem þarf til að vera tækur í fullkomnara mannfélag. Í stað þess að deyja af hrörnun, sjúkleik eða meiðslum, munu menn hverfa héðan af því að þeir hafa náð þeim kröftum sem þarf til að komast í þann stað sem nú hæfir þroskastigi þeirra betur. Og þá fyrst er dauðinn sigraður þegar svo er komið. Menn munu þá vita fyrirfram, hvenær þeir muni hverfa héðan. En er að því kemur, þá er sofnað vært, og þegar vaknað er, verður mönnum það ljóst, að þeir eiga nú fullkomnari líkama en áður, og heimkynni á annarri stjörnu. En frá þessu nýja heimkynni sínu munu þeir svo fyrr eða síðar geta greitt fyrir framþróun lífsins hér á jörðu. Og því fullkomnari sem slíkar samgöngur eru orðnar, því betur mun sköpun alheimsins miða að réttu marki.

Des. '32.